

VKL- 05.03	Fjölbrautaskólinn við Ármúla	
Útgáfa: 0.2		
Dags.: 13.3.2025	Jafnréttis- og jafnlaunastefna	Jafnlaunastaðall: 4.2, 4.3.2, 4.3.3, 4.4.2, 4.4.4 og 4.5.1
Höfundur: JG/UPB		
Síða 1		Ábyrgð: Skólameistari og aðstoðarskólameistari

Jafnréttisstefna

Jafnréttisstefna Fjölbrautaskólans við Ármúla er reist á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 (framvegis kölluð jafnréttislög), ásamt margvíslegum öðrum lagaákvæðum sem leggja bann við mismunun. Markmið hennar er að stuðla að jöfnum rétti, jafnri stöðu og jafnri virðingu kynjanna innan skólans, sem og að minna stjórnendur, nemendur og starfslíð skólans á mikilvægi þess að allt fólk fái notið hæfileika sinna án tillits til kynferðis, kynhneigðar, litarháttar, trúarskoðana, fötlunar eða annarra þátta.

Jafnréttisnefnd og jafnréttisfulltrúi

Skólameistari skipar jafnréttisnefnd. Hlutverk nefndarinnar er að koma fram með hugmyndir að markmiðum og leiðum sem stuðla að auknu jafnrétti í skólanum, ásamt því að fylgja hugmyndunum eftir í framkvæmd og meta árangur. Jafnréttisnefnd og jafnréttisfulltrúi eru sameiginlega ábyrg fyrir eftirfarandi verkefnum:

- Endurskoða jafnréttisáætlun skólans á þriggja ára fresti.
- Meta stöðu aðgerða samkvæmt áætluninni árlega og birta niðurstöður í ársskýrslu skólans.
- Hafa eftirlit með að skólinn fari að lögum og reglum í jafnréttismálum og að jafnréttisáætlun sé fylgt eftir, meðal annars með því að safna og birta reglulega upplýsingar um stöðu jafnréttismála í skólanum.
- Hafa umsjón með því að töluleg markmið séu sett, þeim sé fylgt eftir og þau mæld.
- Gera matsskýrslu eða samantekt um framgang jafnréttismála.
- Standa að fræðslu um jafnréttismál fyrir stjórnendur og annað starfsfólk.
- Skipuleggja samþættingarverkefni sem hafa það að leiðarljósi að jafnréttishugsjónin nái inn í stjórnun og ákvarðanatöku.
- Fylgjast með framgangi jafnréttisverkefna innan skólans.
- Halda uppi umræðu og fræðslu um jafnréttismál, og koma á framfæri hugmyndum sem stuðla að auknu jafnrétti.
- Fylgjast með þróun jafnréttisumræðunnar og sækja jafnréttisþing.

- Fylgja eftir kvörtunum og kærumálum sem varða jafnréttismál skólans og koma þeim í réttan farveg.

Jafnréttisvísar

Unnið skal markvisst að því að jafna fjölda kvenna og karla í nefndum og ráðum á vegum skólans. Þegar óskað er eftir tilnefningu í nefndir og ráð skal farið fram á að tekið sé mið af 28. grein jafnréttislaga sem segir að hlutfall kynjanna skuli vera jafnt og hlutfall þess kyns sem hallar á ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal tilnefna bæði karl og konu. Jafnréttisvísar eru teknir saman eins oft og þurfa þykir til að vinna að þessu markmiði.

Jafnréttisvísar Fjölbrautaskólanum við Ármúla

	18.03.2020	18.5.2021	19.9.2022	8.9.2023	8.9.2024
Yfirstjórn	kk. (1) 17% kvk. (5) 83%	kk. (1) 17% kvk. (5) 83%	kk. (2) 33% kvk. (4) 67%	kk. (2) 40% kvk. (3) 60%	kk. (2) (40%) kvk. (3) (60%)
Kennslustjórar	kk. (3) 43% kvk. (4) 57%	kk. (1) 43% kvk. (5) 57%	kk. (1) 17% kvk. (5) 83%	kk. (1) 43% kvk. (5) 57%	kk. (1) 25% kvk. (3) 75%
Fagstjórar /deildarstjórar	kk. (2) 22% kvk. (7) 78%	kk. (0) 0% kvk. (9) 100%	kk. (1) 11% kvk. (8) 89%	kk. (2) 14% kvk. (7) 86%	kk. (3) 30% kvk. (7) 70%
Skólaráð	kk. (3) 43% kvk. (4) 57%		kk. (1) 13% kvk. (7) 87%	kk. (3) 43% kvk. (4) 57%	kk. (2) 33% kvk. (4) 67%
Skólanefnd	kk. (2) 40% kvk. (3) 60%	kk. (2) 40% kvk. (3) 60%	kk. (2) 40% kvk. (3) 60%	kk. (2) 40% kvk. (3) 60%	
Nemendaráð	kk. (1) 20% kvk. (4) 80%	kk. (1) 20% kvk. (4) 80%	kk. (1) 20% kvk. (4) 80%	kk. (1) 20% kvk. (4) 80%	
Dagskólanemendur		kk. (40%	kk. 45%	Kk. 43,2%	kk. 43,9%

	kk. 41% kvk. 59%	kvk. 60%	kvk. 55%	annað 0,3% kvk. 56,5%	annað 0,4% kvk. 55,7%
Fjarnámsnemendur	kk. 43% kvk. 57%	kk. 42% kvk. 58%	kk. 38% kvk. 62%	kk. 40,4% annað 0,3% kvk. 59,3%	kk. 37,7% annað 0,1% kvk. 62,2%
Starfsmenn	kk. 32% kvk. 68%	kk. 29% kvk. 71%	kk. 28% kvk. 72%	kk. 27% kvk. 73%	kk. 27% kvk. 73%
Starfsmannafélagið (stjórn)	kk. (2) 33% kvk. (4) 67%	kk. (3) 50% kvk. (3) 50%	kk. (3) 50% kvk. (3) 50%	kk. (3) 50% kvk. (3) 50%	

Jafnlaunastefna

Samkvæmt 6. grein jafnréttislaga skulu konum og körlum og fólki með hlutlausa skráningu kyns greidd sömu laun og njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf. Með launum er átt við hvers konar þóknun, beina og óbeina og hlunnindagreiðslur. Sama gildir um lífeyris-, orlofs- og veikindarétt, sem og hvers konar önnur starfskjör eða réttindi sem metin eru til fjár.

Í Fjölbautaskólanum við Ármúla eru greidd laun eftir umfangi og eðli starfa og tekið mið af þeim kröfum sem störf gera um þekkingu, hæfni og ábyrgð. Forsendur launaákvæðana eru að þær séu í samræmi við kjara- og stofnanasamninga og launastefnu skólans. Við ákvörðun launa er þess gætt að kynjum sé ekki mismunað og laun séu ákveðin á sama hátt fyrir allt starfsfólk óháð kyni, kynvitund eða öðrum ómálefnalegum ástæðum.

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð	Tímarammi
Konur og karlar njóti sömu kjara fyrir sömu og jafnverðmæt störf. Konum jafnt sem körlum sé boðið launuð aukastörf.	Aðstoðar-skólameistari.	Árleg greining á launum samkvæmt jafnlaunastefnu skólans. Kynna niðurstöður fyrir starfsfólki. Leiðrétta laun ef óútskýranlegur mismunur kemur fram. Draga úr þætti yfirvinnu við launaákvæðanir.	Lokið í janúar ár hvert.

12. grein. Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun

Stöðuveitingar og störf

Jafnréttissjónarmið skulu höfð að leiðarljósi við stöðuveitingar. Markmiðið er að halda sem jöfnustu hlutfalli kynja í störfum innan skólans. Þess skal gætt að einstaklingum sé ekki

mismunað vegna kynferðis við úthlutun verkefna eða þegar teknar eru ákvarðanir um framgang í starfi. Jafnframt skulu bæði kyn njóta sömu tækifæra til að axla ábyrgð.

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð	Tímarammi
Að jafna fjölda karla og kvenna í störfum, nefndum og ráðum í skólanum.	Skólameistari. Aðstoðar-skólameistari. Áfangastjóri.	Samantekt á kynjahlutföllum allra starfshópa skólans, ásamt yfirliti yfir auglýst störf, umsækjendur og ráðningar. Fylgjast markvisst með úthlutun verkefna og tilfærslum innan skólans. Kynjahlutföll eru greind og kynnt á fundum og í ársskýrslu skólans.	Lokið í janúar ár hvert.

Auglýsingar og upplýsingagjöf

Leitast skal við að starfslýsing í atvinnuauglýsingu höfði til beggja kynja og mismuni ekki á grundvelli kynferðis eða annarra þátta. Þegar birtar eru tölfræðilegar upplýsingar á vegum skólans skulu þær jafnan kyngreindar, eftir því sem við á.

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð	Tímarammi
Starfsauglýsingar skulu ekki mismuna eftir kyni. Jafnframt skal hvetja umsækjendur, af því kyni sem á hallar, til að sækja um.	Skólameistari. Jafnréttisnefnd. Jafnréttisfulltrúi.	Kanna auglýsingatöflur skólans og auglýsingar sem sendar eru út. Sjá til þess að starfsauglýsingar séu yfirlesnar. Ræða auglýsingar sem brjóta í bága við jafnréttislög.	Í hvert skipti sem starfsauglýsing er samin.

Starfsþjálfun og endurmenntun

Konur og karlar skulu njóta sömu möguleika til endurmenntunar, starfsþjálfunar og starfsþróunar. [Endurmenntunarstefna](#) skólans skal endurspegla slík markmið og aflað skal skipulega upplýsinga um endurmenntun starfsfólks. Leitast skal við að höfða til beggja kynja og mismuna ekki kynjunum hvað varðar þá starfsþjálfun, endurmenntun og starfsþróun sem í boði er á hverjum tíma.

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð	Tímarammi
---------	--------	--------	-----------

Að konur og karlar njóti sömu möguleika til starfsmenntunar og starfsþjálfunar. Að námstilboð mismuni ekki eftir kyni.	Skólameistari. Aðstoðar-skólameistari.	Kyngreind samantekt með upplýsingum um þátttöku í endurmenntun. Fylgjast með kynjahlutfalli á námskeiðum á vegum skólans, og hvetja starfsfólk af því kyni sem á hallar til að sækja sér starfsþjálfun og endurmenntun.	Jafnréttisnefnd fer yfir stöðuna reglulega.
--	--	---	---

21. grein. Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Starfsfólki skal gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu með sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða annarri vinnuhagræðingu, eftir því sem við verður komið.

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð	Tímarammi
Að komið sé til móts við starfsfólk með sveigjanlegum og fyrirsjáanlegum vinnutíma eins og hægt er.	Skólameistari. Aðstoðar-skólameistari. Áfangastjóri.	Kennarar geta lagt fram óskir um kennslumagn og skipulag stundatöflu. Komið er til móts við annað starfsfólk með tilhliðrun vinnutíma eins og hægt er.	Í upphafi annar.

22. grein. Kynbundið ofbeldi, kynferðisleg áreitni og kynbundin áreitni

Allir nemendur og starfsmenn eiga rétt á því að komið sé fram við þá af virðingu, og ofbeldi og áreitni er því ekki liðið í Fjölbrautaskólanum við Ármúla. Í viðbragðsáætlun gegn einelti, áreitni og ofbeldi má lesa um stefnu og vinnulag skólans í slíkum málum. Sjá [viðbragðsáætlun – starfsfólk](#) og [viðbragðsáætlun – nemendur](#).

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð	Tímarammi
Koma í veg fyrir að starfsfólk verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustaðnum.	Skólameistari. Aðstoðarskólameistari. Áfangastjóri. Jafnréttisfulltrúi.	Endurskoða reglulega viðbragðsáætlun skólans gegn einelti, áreitni og ofbeldi.	Árlegt stöðumat.

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð	Tímarammi
Auka fræðslu um kynferðislega áreitni til að stuðla að því að allt starfsfólk sé meðvitað um að áreitni er ekki liðin í	Skólameistari. Aðstoðar-skólameistari. Jafnréttisfulltrúi.	Gera viðbragðsáætlun skólans varðandi einelti, áreitni og ofbeldi sýnilega á heimasíðu skólans og í starfsmannahandbók. Kynna hana og fræða	Starfsmannafundur a.m.k. einu sinni á skólaári. Nýta fræðslu- og starfsþróunardaga þegar við á. Nýtt starfsfólk fær

skólanum, geti greint slíkt atferli og brugðist við því ef svo ber undir.		starfsfólk almennt um slík mál.	starfsmannahandbók við upphaf starfs.
---	--	---------------------------------	---------------------------------------

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð	Tímarammi
Skólastjórnendur séu meðvitaðir um stöðu mála hvað varðar áreitni og ofbeldi í starfsmannahópnum.	Skólameistari. Aðstoðarskólameistari. Gæðaráð.	Afla upplýsinga um upplifun starfsfólks af slíku í starfsmannakönnun „Stofnun ársins“. Fjalla um niðurstöður á starfsmannafundi.	Árlega.

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð	Tímarammi
Koma í veg fyrir að nemendur verði fyrir kynbundnu ofbeldi eða kynferðislegri áreitni í skólanum. Auka fræðslu um þessi mál til að stuðla að því að allir nemendur séu meðvitaðir um að slík hegðun er ekki liðin í skólanum.	Skólameistari. Aðstoðar-skólameistari. Áfangastjóri. Forvarnafulltrúi. Félagsmálafulltrúi. Jafnréttisfulltrúi. Félagsvísindakennarar.	Viðbragðsáætlun varðandi einelti, áreitni og ofbeldi sé kynnt nýjum nemendum á kynningarfundum í byrjun hverrar annar. Nemendur fái sem oftast fræðslu um kynbundið ofbeldi og kynferðislega áreitni. T.d. í inngangsáfanga í félagsvísindum, lífsleikni og opnum fyrirlestrum á vegum forvarnafulltrúa eða jafnréttisfulltrúa. Félagsmálafulltrúi fræði nemendaráð hverrar annar um jafnréttisstefnu skólans og gæti þess að félagsstörf nemendaráðs taki mið af jafnréttissjónarmiðum.	Jafnréttisnefnd gerir árlegt stöðumat.

23. grein. Menntun og skólastarf

Samkvæmt þessari grein jafnréttislaganna eiga skólar að gæta kynjasambættingar við alla stefnumótun og tryggja nemendum sínum jafnréttisfræðslu, undirbúning til jafnrar samfélagsþátttöku, ókynbundna ráðgjöf um framtíðarstörf og kennslu- og námsgögn sem ekki mismuna kynjum. Til að ná þessum markmiðum þarf að beita fjölbreyttum aðferðum við kennslu og mat á vinnuframlagi nemenda (einingar og einkunnir), og gæta þess að allir nemendur fái tækifæri til að nýta og þróa hæfileika sína. Jafnréttissjónarmið skal flétta inn í alla kennslu, en gæta þess einnig að nemendum bjóðist valáfangar með sérstaka áherslu á jafnrétti; s.s. kynjafræði- og mannréttindaáfangar. Kennarar og deildarstjórar styðjast við gátlista til að kanna hvort kennsluáætlanir og námsefni mæti kröfum jafnréttislaga.

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð	Tímarammi
Nemendur fái fræðslu um jafnréttismál.	Skólameistari. Deildarstjórar.	Jafnréttisfræðsla verði samþætt inn í sem flestar námsgreinar. Öllum nemendum stendur til boða að taka kynjafræðiáfanga.	Í upphafi annar. Í boði á hverri vorönn.

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð	Tímarammi
Búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi.	Kennarar. Deildarstjórar.	Við endurskoðun kennsluáætla- na skulu kennarar hafa markmið- setningu sem undirbýr nemendur af báðum kynjum undir jafna samfélagsþátttöku.	Í upphafi annar.

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð	Tímarammi
Kennslu- og námsgögn mismuni ekki kynjunum.	Kennarar. Deildarstjórar.	Námsefni hvers áfanga er yfirfarið með tilliti til þessa. Kennslugögn sem talin eru mismuna eftir kyni eru athuguð og ef þau sannarlega reynast mismuna eftir kyni er þeim skipt út fyrir annað betra kennsluefni.	Í upphafi annar.

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð	Tímarammi
Í námsráðgjöf og starfsfræðslu fá drengir og stúlkur fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.	Náms- og starfsráðgjafar.	Náms- og starfsráðgjafar koma inn í áfangann Lífsleikni – borgaravitund (LÍFS1BS02) með fræðslu um störf og staðalmyndir, og inn í LOK-áfangi með starfsfræðslu fyrir útskriftarnema. Í allri slíkri fræðslu skal lögð áhersla á jafnréttis-sjónarmið og nemendur hvattir til að fylgja eigin hjarta en ekki kynbundnum staðalmyndum við val á námi og starfi.	Á hverri önn.

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð	Tímarammi
Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skólastarfinu.	Skólameistari.	Skólameistari leiðir 3 ára jafnréttisvinnu frá og með vorönn 2020.	Fram að næstu endurskoðun á vorönn 2023.

Telji starfsmaður að jafnrétti sé brotið í Fjölbrautaskólanum við Ármúla skal hann leita til jafnréttisfulltrúa, trúnaðarmanns eða aðstoðarskólameistara og þeir í sameiningu finna hverju máli farveg.

Telji nemandi að jafnrétti sé brotið í Fjölbrautaskólanum við Ármúla skal hann leita til náms- og starfsráðgjafa, jafnréttisfulltrúa eða skólameistara sem í sameiningu finna hverju máli farveg.

Jafnréttisáætlun Fjölbrautaskólans við Ármúla skal endurskoðuð og metin á þriggja ára fresti.

Síðast endurskoðað í febrúar/mars 2020.